



Fagráð um velferð dýra

Ársskýrsla 2021

Matvælastofnun (apríl 2022)



Um fagráð um velferð dýra

Fagráð um velferð dýra starfar samkvæmt 5. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Fagráðið hefur aðsetur hjá Matvælastofnun, sem leggur því til vinnuástöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á sviði ráðsins. Yfirdýralæknir er formaður fagráðsins en ráðið er að öðru leiti skipað af ráðherra.

- að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitafni er varða málefni á sviði velferðar dýra,
- að veita Matvælastofnun umsögn um umsóknir vegna dýratilrauna,
- að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa Matvælastofnun um mikilvæg málefni á sviði velferðar dýra,
- að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Með lögum nr. 71/2021 var gerð breyting á lögum um velferð dýra. Í stað þess að einstök félagsamtök og stofnanir skipi fulltrúa í ráðið mun ráðherra héðan af skipa í það. Skipunartími núverandi fagráðs er til haustsins 2023.

Eftirtaldir skipuðu fagráð um velferð dýra í upphafi árs 2021:

- Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, formaður, skipuð án tilnefningar
Varamaður: Auður L. Arnþórsdóttir, dýralæknir, tilnefnd af sama
- Baldur Helgi Benjamínsson, búfræðikandidat og M.s.c. í búfjárrækt, tilnefndur af
Bændasamtökum Íslands
Varamaður: Oddný Steina Valsdóttir, B.s.c. í búvísindum, tilnefnd af sama
- Katrín Andrésdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Ísland
Varamaður: Grétar Hrafn Harðarson, dýralæknir, tilnefndur af sama
- Hallgerður Hauksdóttir, tilnefnd af Dýraverndunarsambandi Íslands
Varamaður: Valgerður Valgeirsdóttir, tilnefnd af sama
- Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af
Siðfræðistofnun HÍ
Varamaður: Emma Björg Eyjólfsdóttir, heimspekingur, tilnefnd af sama

Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun annast faglegt mat á umsóknum um dýratilraunir og veitir ráðinu umsögn og fræðslu um hverja þeirra. Sigurjón Njarðarson, fulltrúi yfirdýralæknis er starfsmaður ráðsins, annast boðun funda, útteilingu fundargagna, ritun fundargerða auk annars sem til fellur.

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, fór tímabundið til annarra starfa bróðurpart ársins 2021. Staðgengill hennar í embætti yfirdýralæknis varðandi fagráðið var Sigríður Björnsdóttir.

Samkvæmt lögum um velferð dýra ber fagráði að halda gerðarbók um störf sín. Frá árinu 2017 hefur það verið gert með því að birta fundargerðir þess á heimasíðu [Matvælastofnunar](#).

Fagráð um velferð dýra hefur sett sjálfu sér verklagsreglur. Þær voru endurskoðaðar í upphafi árs. Verklagsreglur fagráðs má nálgast á vefsvæði ráðsins á heimasíðu Matvælastofnunar.

Stefnumótun og einstök álitafni er varða málefni á sviði velferðar dýra

Það er eitt af hlutverkum ráðsins að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitafni er varða málefni sviði velferðar dýra.

Samkvæmt lögum um velferð dýra er Matvælastofnun skylt að leita álits fagráðs um stefnumótandi ákvarðanir á sviði dýravelferðarmála. Voru alls þrjú erindi þess eðlis:

- Mismunandi notkun á mismunandi dýrum við tilraunir (mótun almennrar stefnu).
- Frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi til breytingar á 5. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013
- Blóðmerar á Íslandi,

Hvor þessara efnisliða fékk sjálfstæða umfjöllun fagráðs. Um niðurstöður þess, ályktanir, áskoranir og tilmæli má lesa um í fundargerðum ráðsins.

Umsagnir um umsóknir vegna dýratilrauna

Matvælastofnun ber skylda að leita umsagnar fagráðs um velferð dýra áður en leyfi til dýratilrauna eru afgreidd. Samkvæmt reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni telst tilraun vera leyfisskyld ef hún kann að valda dýrinu sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en það sem skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

Með setningu laga um velferð dýra var í fyrsta sinn á Íslandi viðurkennt af löggjafa að dýr væru skyni gæddar verur. Þá er bannað með sömu lögum að misbjóða dýri eða fara illa með þau á annan hátt. Það liggur því í hlutanna eðli að tilraunir á dýrum eru undantekningar á þessum meginreglum laganna. Þrátt fyrir miklar framfarir við þróun og framleiðslu ýmissa afurða, s.s. lyfja, lækningatækja, læknisumbúða of.l. eru tilraunir á lifandi dýrum enn mikilvægur liður í slíku starfi. Það vegast því alltaf á sjónarmið um nauðsyn tilraunarinnar og sjónarmið um hversu mikið inngrip er í eðlilegt líf dýrsins, siðferðissjónarmið vega því þungt.

Fagråd gegnir mikilvægu hlutverki sem umsagnaraðili vegna dýratilrauna. Því auk áðurnefndra sjónarmiða geta verið miklir fjárhagslegir hagsmunir undir fyrir umsækjendur, og þar með fyrir allt þjóðarbúið. Fagråd og Matvælastofnun eru því einu óháðu aðilarnir sem geta tekið afstöðu til velferðar þeirra dýra sem eru viðföng dýratilrauna.

Alls bárust fagráði 27 umsagnarbeiðnir á árinu 2021:

- Bakteríuhindrandi eiginleikar litaðs sáraroðs í músa sára módeli- Forrannsókn.
- Ónæmisviðbrögð gegn nýjum fiskroðum í rottum.
- Lyfjaskimun á stofni sebrafiska með erfðabreytingu á RBM12 geni.
- Bakteríuhindrandi eiginleikar litaðs sáraroðs í músa sára módeli- Aðalrannsókn.
- Áhrif ómega-3 fjölómettaðra fitusýra og annarra náttúruafna á hjöðnun bólgu í músunum.
- Áhrif ónæmisglæða, skammtasparandi áhrif þeirra og mismunandi bólusetningarleiðir á takmarkaða myndun og viðhald ónæmisminnis í nýburamúsum.
- Assessment of Fish Skin matrix as a protective barrier in a Rat Tendon Wrap model-a Pilot study.
- Áhrif umhverfis og mannvirkja á ferðir og flutning algengra fiskitegunda í strandsjó.
- Folaldaverkefni Keldna 2021-2022 (herpesveiru og sníkjudýrasýkingar og ónæmisfræði).
- Hestar og sauðfé fyrir blóðtökur til framleiðslu á blóðþáttum fyrir rannsóknarstofunota, framleiðsla sermis og prófun bóluefna.

- Long-term monitoring of small Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) in lava caves found around Lake Mývatn.
- Method for rapid immunization to reduce the length of the immunization campaign.
- Novel insights into sex-specific and oestrogen-dependent mechanisms in myocardial ischaemia/reperfusion injury.
- Prevalence and appearance of EOTRH in Icelandic horses in their native country.
- Tengsl persónuleika við fæðuatferli, far og vöxt bleikjuseiða í ám.
- Almenn leyfi til lyfjavarfarannsóknna (endurnýjun og uppfærsla á leyfi númer 2015-08-04).
- Áhrif valina stökkbreytinga í Mitf geni á starfsemi sjónhimnu, útlit augnbotna og æðkerfis augans, nýæðamyndun og sjálfsát í litþekju.
- Gastric Ulcer Project Iceland Lake Mývatn.
- Göngur, landnám, afkoma og veiðiálag á laxi.
- Umsókn um leyfi fyrir sýnatöku úr sauðkindum og geitum (vefjasýni úr eyra og blóðsýni).
- Burðargeta íslenskra reiðhrossa.
- Effects of the novel curcumin derivative C66 on doxorubicin-induced cardiomyopathy.
- Hlutverk MITF í litfrumum músar.
- Rannsókn á arfgerðum PrP gensins í íslensku sauðfé m.t.t. riðunæmni.
- Rannsókn á kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum.
- Áhrif Histone Deacetylase (HDAC) Hindra á sárgræðingu og örvefsmýndun.
- Næmnisprófanir á laksa og fiskilús gegn emamectin benzoate (Slice).

Alls veitti fagráð 25 jákvæðar umsagnir. Tvær umsóknir töldust ekki vera tækar til efnislegrar umfjöllunar.

Nánar má lesa um umsagnir fagráðs í fundargerðum ráðsins.

Þróun dýravelferðarmála og mikilvæg málefni á sviði dýravelferðar

Fagráð um velferð dýra er skipað á faglegum grunni í samræmi við 5. gr. laga um velferð dýra þar sem kveðið er á um að það sé skipað fagfólk á sem flestum eftirtalinnna sviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði. Einstaka meðlimir ráðsins vekja reglulega athygli á málefnum sem tekin eru til umræðu, formlega sem óformlega.

Eftirtalinn erindi einstakra fagráðsmanna voru tekin formlega fyrir á árinu 2021:

- Staða í gripahúsum vegna biðtíma í slátrun.
- Velferð dýra við aflífun í heimaslátrun og almennt við aflífun dýra.
- Almennrar umfjöllun þá nálgun að svipta dýr skynhæfni til að aðlaga þau að keppni eða sýningum.
- Velferð dýra í göngum og réttum.

Um umræður um þessi mál og niðurstöðu þeirra má lesa í fundargerðum fagráðs.